

Reglur Kraftlyftingasambands Íslands um Þjálfararáð KRAFT

1. Þjálfararáð skal skipað einum þjálfara frá hverju aðildarfélagi KRAFT.
2. Þjálfararáð heyri beint undir stjórn KRAFT.
3. Þjálfararáð skal funda eins oft og þurfa þykir og eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Formaður boðar til funda og stjórnar þeim. Formanni er skylt að boða til fundar ef tveir meðlimir ráðs óska þess.
4. Á fyrsta fundi hvers starfsárs, sem er almanaksárið, skal Þjálfararáð velja þrjá úr sínum hópi sem skipa framkvæmdanefnd Þjálfararáðs KRAFT. Einn skal valinn í sæti formanns, annar í sæti varaformanns og þriðji í sæti ritara.
5. Hlutverk Þjálfararáðs er að:
 - a. vera samráðsvettvangur þjálfara allra félaga innan KRAFT.
 - b. koma með tillögur til landsliðsnefndar varðandi landsliðshóp og landsliðsverkefni næsta árs.
 - c. koma með tillögur til stjórnar KRAFT varðandi þjálfunarmál t.d kennslu, námskeið og þess háttar.
6. Tillögur þær sem Þjálfararáðið sendir til stjórnar KRAFT skulu samþykktar af a.m.k. 2/3 hlutum þjálfara er eiga rétt til setu í ráðinu.
7. Þjálfararáð og framkvæmdanefnd Þjálfararáðs skal halda fundargerðir um störf sín og senda stjórn KRAFT sem fyrst eftir hvern fund.
8. Þjálfararáð skal skila skýrslu um störf sín á starfsárinu eigi síðar en 1. febrúar ár hvert.

Þannig samþykkt á fundir stjórnar KRAFT þ. 28.10.2015